



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2023

2310020SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, 182. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 29. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.

Almennt

Í greinargerð með tillögunni segir að meginmarkmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga sé að draga saman meginþætti langtímastefnumörkunar ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga og stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt sé sett fram leiðarljós um hvert stefna skuli í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði.

Sambandandið hefur átt mikla aðkomu að gerð þingsályktunarinnar, sér í lagi með aðkomu að bæði hvítbók og grænbók. Formaður og varaformaður sambandsins eiga sæti í starfshópi um verkefnið og aðrir fulltrúar í starfshópnum hafa einnig mikla þekkingu og tengsl við sveitarstjórnarstigið. Þá hafði starfshópurinn til hlíðsjónar stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026, sem nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga. Einnig hefur starfsfólk sambandsins veitt ábendingar um uppbyggingu og efni auk þess sem unnið hefur verið úr ábendingum sem borist hafa frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum sveitarfélaga um bæði grænbók og hvítbók. Er af framangreindum ástæðum ekki tilefni til umfangsmikilla ábendinga af hálfu sambandsins.

Um framtíðarsýn, meginmarkmið og lykilviðfangsefni

Ekki er hægt að segja annað en að góð sátt sé á sveitarstjórnarstigi um þá framtíðarsýn sem gengið er út frá í þingsályktuninni, þ.e. að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn verði í jafnvægi við umhverfið.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir tímabilið 2022-2026 kemur fram sú sýn að öflugt sveitarstjórnarstig sé ein meginstoð velferðar íbúanna og að sveitarstjórnarstigið eigi að vera hornsteinn lýðræðis og mannréttinda sem og að sveitarfélög eigi að

vera samfélög án aðgreiningar. Almennt verður að telja að framtíðarsýn, lykilviðfangsefni, meginmarkmið og aðgerðir í þingsályktuninni styðji við þessa sýn þótt að einhverju leyti kunni að vera skiptar skoðanir um leiðir að þessum markmiðum.

Um aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028

Í aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 eru tilteknaðar 18 aðgerðir en ekki er fjallað um þær allar hér að aftan. Aðgerðirnar eru ólíkar bæði að eðli og umfangi en eiga það sameiginlegt að vera liðir í að ná þeirri framtíðarsýn sem stefnt er að. Sumar eru nýjar en aðrar eru í núgildandi aðgerðaáætlun en hafa ekki verið kláraðar.

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga

Sambandið styður eindregið endurskoðun á sveitarstjórnarlögunum og hefur talað fyrir þeirri endurskoðun um nokkurt skeið. Eitt af því sem á að endurskoða er lagarammi landshlutasamtaka sveitarfélaga. Af þeim sökum telur sambandið eðlilegt að landshlutasamtökin verði nefnd sem samtarfsaðilar við þessa aðgerð.

Endurskoðun tekjustofna og þróun þjónustu við fatlað fólk (aðgerðir 3 og 15)

Eitt af verkefnum í aðgerðaáætluninni er að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga til að styrkja fjárhagslegan grundvöll þeirra til lengri tíma. Um er að ræða framhaldsverkefni frá fyrri þingsályktun. Fjárhagsleg sjálfbærni sveitarstjórnarstigsins er ein helsta forsenda þess að öflugt sveitarstjórnarstig fái þrífist hér á landi og er verkefnið því afar aðkallandi. Eins og staðan er í dag er vaxandi halli á rekstri þjónustu við fatlað fólk sá þáttur sem helst ógnar þessu markmiði. Árangur hlýtur því að töluverðu leyti að velja á því að ásættanleg niðurstaða náist um fjármögnun þessarar þjónustu til framtíðar. Nánar er farið yfir helstu áhersluatriði sambandsins hvað varðar fjárhagsleg málefni í nýrri [umsögn](#) um fjárlög ársins 2024.

Það er einnig lykilatriði til að aðgerð 15 um þróun þjónustu við fatlað fólk nái fram að ganga að sátt náist um fjármögnun á þessari þjónustu, ekki bara til fortíðar heldur einnig fjármögnun á framtíðarþróun. Málaflokkurinn er í stöðugri þróun og fjármögnun hans verður að taka mið af því.

Ferill kostnaðarmats (aðgerð 6)

Gert er ráð fyrir að skipaður verði starfshópur til að skilgreina ferli kostnaðarmats í því skyni að tryggja sátt um matið og fjármögnun viðkomandi verkefna. Hér er um afar mikilvægt verkefni að ræða því ef vel tekst til við gerð kostnaðarmats styrkir það fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga og takmarkar deilur milli ríkis og sveitarfélaga um kostnað. Mikilvægt er því að þetta verkefni vinnist hratt og vel.

Búsetufrelsi (aðgerð 11)

Líkt og fram kemur í greinargerð með ályktuninni hefur ráðherra ákveðið að áætlanir ráðuneytisins verði samhæfðar í þágu búsetufrelsis. Lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í búsetuformi sem því hentar, og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar á landinu sem er. Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgöngumáta óháð staðsetningu á landinu sé því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi.

Á sveitarstjórnarstiginu hefur skapast þó nokkur umræða um hvað felist í hugtakinu m.a. hvaða þýðingu það hafi fyrir þjónustu sveitarfélaga sér í lagi í tengslum við aukna búsetu fólks í frístundabyggð, í atvinnuhúsnæði eða á tjaldsvæðum. Mikilvægt er að stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga hafi sameiginlegan skilning á þessu hugtaki. Í aðgerð 11 kemur fram að sérstaklega verði skoðað hvort að þörf sé á gera lagabreytingar og að við þá skoðun verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt sé að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum sé skylt að veita þjónustu við íbúa. Leggur sambandið sérstaka áherslu á að það gangi eftir.

Stafræn umbreyting (aðgerð 16)

Aðgerð 16 gerir ráð fyrir að unnið verði að heildstæðri stefnumörkun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga og samstarf milli sveitarfélaga og við ríkið til að ná þeim markmiðum. Við vinnuna verði lögð áhersla á samnýtingu stafrænna innviða fyrir hið opinbera ásamt því að stafrænar lausnir verði þróaðar út frá þörfum almennings og fyrirtækja fyrir heildstæða þjónustu, óháð því hvort ríki eða sveitarfélög beri ábyrgð á henni.

Sambandið telur afar brýnt að ríki og sveitarfélög vinni saman að heildstæðri stefnu um stafræna umbreytingu. Stefnan verði lögð fram á Alþingi og henni fylgi tímasett og fjármögnuð aðgerðaáætlun sem endurskoðuð sé reglulega. Að öðrum kosti er hætta á að stafræn umbreyting sveitarfélaga verði ekki nægilega skilvirk og samlegðartækifæri fari forgörðum. Sambandið myndi því kjósa að aðgerðin yrði útvíkkuð þannig að um sameiginlega stefnu ríkis og sveitarfélaga væri að ræða og að ábyrgð á framfylgd hennar yrði þá bæði hjá sambandinu og viðkomandi ráðuneytum.

Undanfarin misseri hafa ýmis verkefni verið í undirbúningi hjá ríkinu sem kalla á stafræna grunninnviði hjá sveitarfélögum. Má þar t.d. nefna innleiðingu laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nýlegar breytingar á barnaverndarlögum og verkefnið Gott að eldast. Því miður hefur skort á að þessum verkefnum fylgi nauðsynlegar bjargir til að hagnýta stafrænar lausnir til að auðvelda innleiðingu og ná nauðsynlegum markmiðum.

Í þessu samhengi veltir sambandið því upp hvort að ekki sé tilefni til að skoða að festa í lög notkun á öruggu gagnaskiptalagi (X-road) til að auðvelda uppbyggingu stafrænna ferla líkt og gert var í Eistlandi og Færeyjum. Þannig væri stigið stórt skref til að tryggja öruggan og auðveldan gagnaflutning milli ríkis og sveitarfélaga.

Að lokum

Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ánægju með samstarf við ráðuneytið um þingsályktunina. Jafnframt hvetur sambandið Alþingi til að rýna vel þær umsagnir sem berast frá landshlutasamtökum og einstökum sveitarfélögum.

Í framhaldinu leggur sambandið mikla áherslu á að verkefnin sem ráðist verður í verði kostnaðarmetin, þar sem það á við, og fjármögnun þeirra tryggð. Að öðrum kosti er hætt við að þau nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs